

27. september 2014 | Aðsent efni | 651 orð | 1 mynd

Verðandi hæstaréttardómarar?

Eftir Jón Steinar Gunnlaugsson

Eftir Jón Steinar Gunnlaugsson: "Telja má að í textanum felist bein ráðagerð um að öðruvísi hefði verið dæmt ef einhver annar en ég hefði þurft að sæta aðdróttunum prófessorsins."

Í 235. gr. almennra hegningarlaga er kveðið svo á að aðdróttanir, sem verða muni virðingu manns til hnekkis, eða dreifing slíka aðdróttana, feli í sér refsivert brot gagnvart þeim sem ummælum er beint að. Á árinu 2012 dróttaði Þorvaldur Gylfason prófessor því að mér að ég hefði samið eina af kærnum, sem bárust til Hæstaréttar um gildi kosninga til svonefnds stjórnlagapings á árinu 2010. Síðan hefði ég stýrt afgreiðslu málsins í réttinum á þá lund að kosningin hefði verið talin ógild með ákvörðun í janúar 2011. Hann birti aðdróttun sína í grein í ritröð háskólans í München í Þýskalandi. Ef ég hefði gert það sem prófessorinn dróttaði að mér, hefði ég gerst sekur um refsiverða háttsemi í embætti mínu sem dómari við Hæstarétt Íslands.

Mér fannst ég ekki geta setið undir þessu. Komu þar bæði til álita persónulegir hagsmunir mínir og einnig Hæstaréttar Íslands, þar sem í dylgjum prófessorsins fólst að hinir dómarnir fimm hefðu lotið vilja mínum í málinu fremur en sínum eigin. Ég höfðaði því meiðyrðamál á hendur prófessornum. Hann var sýknaður af kröfum mínum í Héraðsdómi Reykjavíkur í febrúar á þessu ári. Ég áfrýjaði til Hæstaréttar og var þar dæmt í málinu sl. fimmtudag, 25. september.

Ekki þótti við hæfi að fastskipaðir dómarnir í Hæstarétti dæmdu í þessu máli. Yfirstjórn réttarins tók þá ákvörðun að þrjú héraðsdómarar skyldu dæma. Þeir voru sóttir til Héraðsdóms Reykjavíkur, þrátt fyrir að starfsbróðir dómarnanna við þann dómstól hefði kveðið upp hinn áfrýjaða dóm. Skrítið. Vonandi hafa þeir ekki verið búnir að ræða málið í þaula við starfsbróður sinn á kaffistofunni í dómhúsinu við Lækjartorg. Niðurstaða þeirra kom mér ekki á óvart. Þeir staðfestu héraðsdóminn.

Aðalástæða þess að ég sting niður þenna um þennan dóm þremmenninganna er það sem birtist í forsendum hans. Þar segir meðal annars svo í lokakaflanum:

„Aðaláfrýjandi [JSG] gaf kost á sér til trúnaðarstarfa í þágu almennings. Hefur hann á löngum starfsferli sínum, meðal annars á þeim tíma er hann var skipaður hæstaréttardómari, tekið virkan þátt í þjóðfélagssumræðu um ýmis málefni og verið talsmaður þess að dómarnir verði að þola gagnrýni á störf sín á opinberum vettvangi. Þegar alls þessa er gætt verður ekki séð að gagnáfrýjandi [PG] hafi með ummælum sínum vegið svo að æru aðaláfrýjanda að það hafi farið út fyrir mörk leyfilegrar tjáningar...“

Telja má að í textanum felist bein ráðagerð um að öðruvísi hefði verið dæmt ef einhver annar en ég hefði þurft að sæta aðdróttunum prófessorsins. Það er líka kostulegt að sjá þrjú lögfræðinga sameiginlega líkja dylgjum um refsiverða misnotkun dómssvalds í Hæstarétti við gagnrýni á opinber störf dómara. Þeim sem lesa þetta getur ekki dulist að dómurinum er ekki sjálfrátt. Þeir hljóta að eiga einhver persónuleg erindi við mig.

Það er svo líka frekar fyndin staðfesting dómarnanna þriggja á lögmæti starfshátta Gróu á Leiti, því þeir segja í dómi sínum:

„Gagnáfrýjandi [PG] tók því enga afstöðu til sannleiksgildis orðrómsins en fól lesendum að álykta um það.“

Er þetta ekki bara dásamlegt. Orðrómurinn sem þeir tala um var lítill dálkur í svonefndu Sandkorni DV, sem prófessorinn hefði svo sem eins og hver annar getað komið þar á framfæri. Raunar gengu umstefnd ummæli hans lengra en dálkurinn því hann sagði að orðrómur væri meðal lögfræðinga sem hefðu sérhæft sig í að greina höfunda lagalegra texta. Ekkert var um



Jón Steinar Gunnlaugsson

Það í dálki DV.

Kannski telja héraðsdómararnir Símon Sigvaldason, Ásmundur Helgason og Ragnhildur Harðardóttir sig hafa aukið líkur sínar á að hljóta dómaraembætti í Hæstarétti á næstunni með þessu afreksverki sínu. Þau halda áreiðanlega að framtakið hafi verið þóknanlegt þeim sem þau telja að þar ráði mestu í reynd. Þau hafa að minnsta kosti sýnt að hefðbundin lagaleg aðferð tefur þau ekki frá að komast að þóknanlegum niðurstöðum.

Hvenær ætlar þetta fólk að skilja að það er að skrifa ömurlega sögu sjálfs sín sem dómarar með því að misnota dómsvald sitt á svo gagnsæjan hátt sem hér er raunin? Spyr sá sem ekki veit.

Höfundur er lögfræðingur.